

30
14. júní

RÍKISSTJÓRABRÉF

um að Alþingi skuli koma saman á Þingvöllum.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Að ég hef ákveðið samkvæmt 32. gr. stjórnarskrárinnar, að Alþingi skuli koma saman á Þingvöllum laugardaginn 17. júní 1944.

Ritað í Reykjavík, 14. júní 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Þórðarson.

31
14. júní

LÖG

um leigunám veitingasala o. fl. á Hótel Borg í Reykjavík til veizlufagnaðar á lýðveldishátíðinni.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka leigunámi til veizlufagnaðar að kvöldi 18. júní 1944 í tilefni lýðveldisstofnunar á Íslandi afnot veitingasala allra á Hótel Borg í Reykjavík, neðstu hæð, með húsgögnum öllum, svo og afnot eldhúss og annarra þeirra herbergja á hæðinni, er nota þarf í þessu skyni, ásamt eldhúsáhöldum, borðbúnaði og öðrum nauðsynlegum munum. Um framkvæmd leigunáms þessa skal farið eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. júní 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Þórðarson.